



2. fundur stjórnar LH 2022-2024
30. nóvember 2022 kl. 15:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Hákon Hákonarson, Ólafur Gunnarsson, Edda Rún Ragnarsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Sóley Margeirsdóttir og Þórhildur Katrín Stefánsdóttir úr aðalstjórn. Gróa Baldvinsdóttir og Valdimar Magnús Ólafsson og úr varastjórn.

Forföll boðuðu: Randi Holker og Sveinn Heiðar Jóhannesson úr varastjórn.

Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir,

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Einnig mættur: Hinrik Þór Sigurðsson

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar

2. Hestamennska og móturfákar – erindi frá Hestamannafélaginu Glófaxes Vopnafirði

Á döfinni er að koma á skipulag að búa til mótorkrossbraut nærri svæði Hestamannafélagsins Glófaxes og einni helstu reiðleið félagsins. Félagið er hlynnt því að gerð sé braut fyrir mótorkrossiðkendur en slík starfsemi henti ekki nærri reiðstígum eða hesthúsabyggð. Óskað er liðsinnis stjórnar LH varðandi umsögn sem félagið gæti sent til sveitastjórnar á svæðinu.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Glófaxes og aðstoða við umsögn til sveitarfélagsins

3. Reglur um keppni í fimi sem samþykktar voru á Landsþingi 2022

a. Nafnasamkeppni

„63. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 4.-5. nóvember 2022, samþykkir að stjórn LH efni til opinna samkeppni um nafn á nýja keppnisgrein í regluverki LH á þskj. 42“.

Afgreiðsla: Samþykkt að auglýsa eftir tillögum um nafn á keppnisgreininna. Hinriki, Ólafi og Eddu Rún falið að vinna úr innsendum tillögum og leggja til atkvæða í netkosningu.

b. Forritun í Sportfeng

Óskað er heimildar til að fela tölvunefnd að láta forrita reglurnar inn í SportFeng.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela tölvunefnd til að meta kostnað við forritun og sjá til þess að henni verði lokið áður fyrstu mót keppnistímabilsins í þessari grein hefst.



4. Dagsetningar og auglýsingar Íslandsmóta

Það verklag var tekið upp að nýju við mótaskrá LH að biðja félögin um að sækja um mótadagsetningar árið 2023 og mótum er svo raðað upp á mótaskrá með það í huga að öll mót rúmist á dagskránni. Lagt er til að Íslandsmót verði á eftirfarandi dagsetningum:

- a. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna 29. júní - 2. júlí
- b. Íslandsmót barna og unglinga 13. - 16. júlí
- c. Íslandsmót áhugamanna 20. – 23. júlí

Íslandsmót barna og unglinga var auglýst til umsóknar fyrir 1. október, ein umsókn barst frá Hestamannafélaginu Geysi.

Íslandsmót fullorðinna og ungmenna var auglýst til umsóknar fyrir 1. október, engin umsókn barst og þarf að auglýsa aftur.

Reglugerð um Íslandsmót áhugamanna var samþykkt á landsþingi 2022 og þarf að auglýsa.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela hestamannafélaginu Geysi að halda Íslandsmót barna og unglinga dagana 13. til 16. júlí 2023. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna og Áhugamannamót Íslands verði auglýst miðað við ofangreindar dagsetningar.

5. Tilnefning fulltrúa í verkefnastjórn Horses of Iceland

Fulltrúar LH í HOI hafa verið Rúnar Þór Guðbrandsson og Guðni Halldórsson. Lagt er til að Hákon Hákonarson taki sæti Rúnars. Rúnar mun sitja áfram í verkefnastjórn sem fulltrúi annarra samstarfsaðila.

Afgreiðsla: Samþykkt.

6. Tilnefning fulltrúa í Fagráð í hrossarækt

Fulltrúi LH í Fagráði Hulda Gústafsdóttir hefur sagt sæti sínu lausu. Lagt er til að Guðni Halldórsson taki sæti í Fagráði í stað Huldu.

Afgreiðsla: Samþykkt.

7. Tilnefning stjórnarmanns í LM ehf.

Í stjórn LM f.h. LH hafa verið Hákon Hákonarson og Stefán Logi Haraldsson. Lagt er til að gjaldkeri LH, Ólafur Gunnarsson, taki sæti fráfarandi stjórnarmanns LH, Stefáns Loga Haraldssonar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

8. Tilnefning stjórnarmanns í Skógarhólum ehf.

Í stjórn Skógarhóla ehf. hafa verið Hákon Hákonarson og Stefán Logi Haraldsson. Lagt er til að gjaldkeri LH, Ólafur Gunnarsson taki sæti fráfarandi stjórnarmanns LH, Stefáns Loga Haraldssonar.

Afgreiðsla: Samþykkt.



9. Framboð til stjórnar og nefnda FEIF

Fyrir liggur að tilnefna framboð til stjórnar FEIF og nefndarmanns í Leisure Riding Committee í stað fráfarandi stjórnarmanns LH, Anítu Aradóttur, fyrir 1. janúar 2023.

Afgreiðsla: Formanni falið að vinna málið áfram.

Sóley kemur inn á fund

10. Formenn fastanefnda og nefndaseta stjórnarmanna

Tillaga um setu stjórnarmanna í fastanefndum:

Keppnisnefnd: Randi Holaker og Unnur Rún Sigurpálsdótti. Samþykkt að óska eftir tilnefningu HIDI, GDLH og FT í keppnisnefnd.

Æskulýðsnefnd: Edda Rún Ragnarsdóttir og Birna Tryggvadóttir

Útbreiðslunefnd: Þórhildur Katrín og Hákon Hákonarson

Tölvunefnd: Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir

Öryggisnefnd: Þórhildur Katrín

Mannvirkjanefnd: Sveinn Heiðar og Valdimar Ólafsson

Menntanefnd: Randi Holaker og Unnur Rún

Landsliðs- og afreksnefnd: Til skoðunar

Afgreiðsla: Til frekari umræðu og staðfestningar á næsta fundi.

11. Önnur mál

a. Formaður greindi frá fundi formanna Norðurlanda, NIHC, sem fyrirhugaður er föstudaginn 2. Desember.

b. Vinnuhelgi stórnar verður haldin dagana 13. og 14. janúar.

Fundi slitið kl. 16.43